

Nd.

578. Frumvarp til laga

[199. mál]

um breyting á lögum nr. 7 26. febrúar 1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

(Eftir 3. umr. í Ed., 5. mars.)

Samhljóða þskj. 299 með þessum breytingum á fylgiskjali:

2. regla hljóðar svo:

Ábyrgð.

a) Í þessum reglum getur ekkert leyst skip, eiganda þess, skipstjóra eða áhöfn undan ábyrgð, ef reglunum er ekki fylgt eða vanrækt er að gæta þeirrar varúðar sem almenn sjómennska krefst eða sérstakar aðstæður kunna að útheimta.

b) Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær ber að taka fullt tillit til hvers konar hættu við siglingar, árekstrarhættu og allra sérstakra kringumstæðna, þar á meðal takmarkaðrar hæfni hlutaðeigandi skipa til að víkja, sem kann að valda því að ekki verður komist hjá að sniðganga þessar reglur til að forðast yfirvofandi hættu.

6. regla hljóðar svo:

Örugg ferð.

Hverju skipi skal ávallt sigla með öruggri ferð svo að beita megi réttum og fullnægjandi stjórn-tökum til að komast hjá árekstri og unnt sé að stöðva skipið á hæfilegri vegalengd sem aðstæður og ástand marka hverju sinni.

Þegar ákveða skal hvað sé örugg ferð skal m. a. taka tillit til eftirtalinna atriða:

- a) Öll skip skulu taka tillit til:
 1. skyggis;
 2. fjölda skipa á siglingaleið, þar með þéttra flota fiskiskipa eða annarra skipa;
 3. stjórnhæfni skipa, sérstaklega með tilliti til stöðvunarvegalengdar og hæfni til að snúa við aðstæður hverju sinni;
 4. villuljósá að nóttu til frá ljósum í landi eða vegna endurspeglunar ljósa á eigin skipi;
 5. vindhraða, sjólags og strauma og nálægðar á hættum fyrir siglingar skipa;
 6. djúpristu skipsins miðað við dýpi siglingaleiðar.

b) Skip, sem nota ratsjá, skulu auk þess taka tillit til:

1. sérstakra eiginleika, myndgæða og takmarkana ratsjárinnar;

2. allra annmarka sem stafa af fjarlægðarstillingu sem notuð er;

3. áhrifa sjólags, veðurs og annarra truflana-valda á ratsjármynd;

4. líkinda þess, að litil skip, ís og reköld komi ekki fram á ratsjónni í nægilegri fjarlægð;

5. fjölda, legu og hreyfinga skipa sem birtast á ratsjónni;

6. nákvæmara mats á skyggni, sem má fá þegar ratsjá er notuð til að ákveða fjarlægð til skipa eða annarra hluta í nánd.

8. regla hljóðar svo:

Hvernig komast skal hjá árekstri.

a) Sérhver stjórn-tök, sem beitt er til að komast hjá árekstri, skulu, þegar aðstæður leyfa, framkvæmd hiklaust og í tæka tíð og um leið skal taka fullt tillit til þess sem góð sjómennska krefst.

b) Stefnumbreyting og/eða hraðabreyting til að komast hjá árekstri skal, ef aðstæður leyfa, vera svo mikil, að á skipi, þar sem fylgst er með siglingu með berum augum eða í ratsjá, verði breytingarinnar vart þegar í stað. Forðast skal tíðar og litlar breytingar á stefnu og/eða hraða.

c) Ef nægilegt svigrúm er getur stefnumbreyting ein saman verið árangursríkast stjórn-tak til að komast hjá því að nálgast annað skip um of, svo framarlega sem það er gert í tæka tíð, breytt er um stefnu svo að um munar og stefnumbreyting leiðir ekki til þess að siglt verði of nærri enn öðru skipi.

d) Þegar afstýra skal árekstri við annað skip skal það gert þannig að skipin fari hvort framhjá öðru í öruggri fjarlægð. Fylgst skal vandlega með að stjórnatak til að víkja beri tilætlaðan árangur uns komið er alveg framhjá skipinu og á frian sjó.

e) Draga skal úr ferð skips eða stöðva það ef nauðsynlegt er til að forðast árekstur eða ef þörf er frekari tíma til mats á aðstæðum. Þetta skal gert með því að stöðva skrúfu eða annað það sem knýr skipið áfram eða með því að láta vél eða skrúfu ganga aftur á bak.

9. regla hljóðar svo:

Þröngar leiðir.

a) Skip, sem siglir um þröngt sund eða ál, skal halda eins nærri ytri mörkum sundsins eða leiðarinnar, sem veit að stjórnborða, og unnt er án áhættu.

b) Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra siglingu skips, er aðeins getur siglt af fullu öryggi með því að þræða þröngt sund eða ál.

c) Skip, sem er að fiskveiðum, má ekki trufla siglingu skips er fer eftir þröngu sundi eða ál.

d) Skip má ekki sigla þvert yfir þröngt sund eða ál ef það truflar með því siglingu skips sem öryggis vegna verður að þræða sundið eða álinn. Á síðarnefnda skipinu má nota hljóðmerki sem kveðið er á um í d-lið 34. reglu ef vafi leikur á um fyrirætlaða siglingu þess skips sem ætlar þvert yfir.

e) 1. Sé því aðeins unnt að sigla fram úr skipi í þröngu sundi eða ál, að skipið hliðri til og beiti sérstökum stjórnökum svo að sigla megi framhjá því með fullu öryggi þá skal á skipinu, sem ætlar að sigla uppi og framhjá, láta þá fyrirætlun í ljós með viðeigandi hljóðmerki eins og mælt er fyrir um í 1. grein c-liðar 34. reglu. Sé fallist á framúr siglingu skal á skipinu, sem sigla á fram úr, gefa rétt hljóðmerki eins og ákveðið er í 2. grein c-liðar 34. reglu og gera viðhlitandi ráðstafanir til að sigla megi framhjá skipinu með fullu öryggi. Ef nokkur vafi er á því getur sama skip gefið frá sér hljóðmerki eins og kveðið er á um í d-lið 34. reglu.

2. Regla þessi leysir ekki þann, sem siglir fram úr, undan ákvæðum 13. reglu.

f) Skip, sem nálgast bugðu eða svæði í þröngu sundi eða ál þar sem önnur skip geta verið í hvarfi, skal sigla með sérstakri árvekni og varúð og gefa viðeigandi hljóðmerki eins og mælt er fyrir í e-lið 34. reglu.

g) Sérhvert skip skal, svo fremi aðstæður hverju sinni leyfa, forðast að varpa akkeri í þröngu sundi.

10. regla hljóðar svo:

Aðskildar siglingaleiðir.

a) Regla þessi gildir um aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur sett ákvæði um.

b) Skip, sem siglir innan aðskilinna siglingaleiða, skal:

1. sigla innan afmarkaðrar siglingaleiðar, sem við á, og í þá höfuðátt sem umferð skipa er stefnt innan leiðarmarka;

2. halda sig eftir því sem framast er unnt frá sjálfum leiðarmörkunum og svæðum sem aðskilja umferðarleiðir;

3. sigla að jafnaði inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni við enda leiðarinnar. Þegar siglt er frá annarri hvorri hlið inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni skal það gert undir eins litlu horni, miðað við höfuðstefnu leiðarinnar, og framkvæmanlegt er.

c) Eftir því sem framast er unnt skal forðast að sigla skipi yfir afmarkaða siglingaleið en ef nauðsyn ber til þá skal fara yfir leiðina í stefnu, er myndar sem næst rétt horn við höfuðstefnu hinnar afmörkuðu siglingaleiðar.

d) Strandleiðir (inshore traffic zones) skulu að jafnaði ekki notaðar af skipum sem sigla framhjá og hættulaust geta fylgt rétttri afmarkaðri siglingaleið þeirrar aðskildu siglingaleiðar sem næst liggur. Þó mega skip, sem styttri eru en 20 metrar, og seglskip alltaf nota strandleiðir.

e) Að jafnaði má ekki sigla skipi yfir svæði, sem skilur að umferðarleiðir, né heldur má sigla yfir markalínu, nema því aðeins að skipið ætli að sigla þvert yfir leiðina, út úr henni eða inn á hana.

Undantekning er þó gerð:

1. þegar um bráða hættu er að ræða sem komast verður hjá;

2. við fiskveiðar á svæði sem skilur að umferðarleiðir.

f) Á siglingu við endamörk aðskilinna siglingaleiða skal gæta sérstakrar varúðar.

g) Eftir því sem framast er unnt skal komist hjá að varpa akkeri á aðskilinni siglingaleið eða í nánd við endamörk leiðarinnar.

h) Skip, sem siglir ekki eftir aðskilinni siglingaleið, skal halda sig eins fjarri leiðinni og unnt er.

i) Skip að fiskveiðum má ekki trufla ferðir skipa sem sigla eftir afmarkaðri siglingaleið.

j) Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra örugga siglingu vélskipa á afmarkaðri siglingaleið.

k) Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna aðgerða sem varða siglingaöryggi, á aðskildum

siglingaleiðum, er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki sem nauðsynlegt er svo að það megi ljúka aðgerðum sínum.

l) Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna starfa við lagningu, viðhald eða upptöku neðan-sjávarstrengja innan aðskilinna siglingaleiða er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki sem nauðsynlegt er svo að það megi sinna störfum sínum.

12. regla hljóðar svo:

Seglskip.

a) Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað þannig að hætta er á árekstri skal annað þeirra víkja fyrir hinu eftir þeim reglum sem nú skal greina:

1. Þegar þau hafa vind á gagnstæð borð skal skipið, sem hefur vindinn á bakborða, víkja fyrir hinu;

2. Þegar bæði hafa vind á sama borð skal skipið, sem til kulborða siglir, víkja fyrir hinu, sem til hlés siglir;

3. Ef skip sést til kulborða frá seglskipi, sem hefur vind á bakborða, og ekki er hægt að ákvarða með fullri vissu hvort skipið til kuls hefur vindinn á bakborða eða stjórnborða þá skal víkja fyrir því.

b) Með orðinu „kulborði“ í þessari reglu er átt við borðið sem er gagnstætt því sem stórseglið er haft í eða — sé um rásigt skip að ræða — gagnstætt því borði sem stærsta stagegelið eða gaffalsegelið er haft í.

19. regla hljóðar svo:

Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.

a) Regla þessi á við um skip sem eru ekki í sjónmáli hvert frá öðru þegar siglt er á eða nærri svæði þar sem skyggni er takmarkað.

b) Sérhvert skip skal sigla með öruggri ferð sem miðast við aðstæður og ástand hverju sinni vegna takmarks skyggnis. Vélskip skal hafa vélar sínar viðbúnar tafarlausri gangskiptingu.

c) Þegar fara skal eftir reglum I. hluta þessa kafla skal á hverju skipi taka fullt tillit til aðstæðna og ástands hverju sinni vegna takmarks skyggnis.

d) Þegar aðeins verður vart nærveru annars skips í ratsjá skal ganga úr skugga um hvort skipin muni nálgast hvort annað um of og/eða hvort hætta sé á árekstri. Ef svo er skal í tæka tíð gera ráðstafanir til að auka fjarlægð milli skipanna og afstýra árekstri. Ef breytt er um stefnu við þau stjórnök skal eftir því sem framast er unnt forðast:

1. að breyta stefnu til bakborð fyrir skipi

sem er framan við þverskipsstefnu, nema breytt sé stefnu fyrir skipi sem siglt er fram úr;

2. að breyta stefnu í átt að skipi sem er þvert eða aftan við þverskipsstefnu.

e) Þegar þokumerki heyrir frá skipi sem virðist vera framan við þvert eða óumflýjanlegt er að nálgast um of annað skip sem er framan við þvert skal draga úr ferð og sett á minnstu stjórnferð. Þetta á við nema því aðeins að ekki sé talin hætta á árekstri. Ef nauðsyn krefur skal stöðva skipið alveg og í öllum tilvikum skal sigla með ítrustu varkárni þar til hætta á árekstri er liðin hjá.

20. regla hljóðar svo:

Notkun.

a) Fylgja skal reglum þessa kafla hvernig sem viðrar.

b) Reglunum um ljós skal fylgja frá sólsetri til sólaruppkomu og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa sem unnt er að rugla saman við hin lögboðnu ljós og gera erfiðara að greina þau eða draga úr sérstökum einkennum þeirra eða torvelda góða útsýn frá skipinu.

c) Á skipum, sem eru búin þeim ljósum sem fyrirskipuð eru í þessum reglum, skal einnig hafa ljósin frá sólaruppkomu til sólseturs í takmörkuðu skyggni, og þau má alltaf sýna þegar það er álitid nauðsynlegt.

d) Reglum um dagmerki skal fylgja að deginum.

e) Ljós og dagmerki þau, sem mælt er fyrir að nota og lýst er í reglunum, skulu vera í samræmi við þau fyrirmæli sem eru gefin í I. viðauka við þessar reglur.

22. regla hljóðar svo:

Langdrægni ljósa.

Ljós, sem kveðið er á um að hafa uppi í reglum þessum, skulu hafa þann ljósstyrk sem tilgreindur er í 8. hluta I. viðauka við reglurnar. Ljósín skulu að minnsta kosti vera sýnileg þá vegalengd er hér greinir:

a) Á skipum sem eru 50 metrar á lengd eða lengri:

— sigluljós sjáist 6 sjómílar;

— hliðarljós sjáist 3 sjómílar;

— skutljós sjáist 3 sjómílar;

— dráttarljós sjáist 3 sjómílar;

— hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 3 sjómílar.

b) Á skipum sem eru 12 metrar á lengd eða lengri en styttri en 50 metrar:

— sigluljós sjáist 5 sjómíllur, nema á skipum, sem eru styttri en 20 metrar, lýsi ljósið 3 sjómíllur;

2. tölul. I. viðauka hljóðar svo:

Lóðrétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra.

a) Á vélskipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skal koma sigluljósum fyrir sem hér segir:

1. Fremra sigluljósið eða ef einungis er haft uppi eitt sigluljós þá það ljós, skal að minnsta kosti vera í 6 metra hæð upp frá bol skipsins. Ef skipið er breiðara en 6 metrar þá skal ljósið vera að minnsta kosti jafnmarga metra upp frá bol skipsins og breidd skipsins nemur. Sigluljósið þarf þó ekki að setja hærra en 12 metra upp frá bol skipsins.

2. Þegar 2 sigluljós eru höfð uppi skal aftara ljósið vera að minnsta kosti 4,5 metrum hærra en fremra ljósið, mælt í lóðlínu.

b) Lóðrétt fjarlægð milli sigluljósa vélskipa skal vera svo mikil að aftara sigluljósið sjáist frá sjávarfleti í 1000 metra fjarlægð frá stafni skipsins og við eðlilegan stafnhalla ofan við fremra sigluljósið og aðgreint frá því.

c) Sigluljósi vélskipa, sem er 12 metrar á lengd eða lengra en styttra en 20 metrar, skal komið fyrir a. m. k. í 2,5 metra hæð ofan við borðstokk skipsins.

d) Efsta ljósið á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má vera lægra en 2,5 metra ofan við borðstokkinn. Þegar sigluljós er haft uppi auk hliðarljósa og skutljóss skal sigluljósið samt vera að minnsta kosti einum metra hærra en hliðarljósin.

e) Öðru tveggja eða einu þriggja sigluljósa, sem vélskip skulu hafa uppi er þau draga annað skip eða ýta því, skal komið fyrir annaðhvort á sama stað og fremra eða aftara sigluljósi vélskipa; séu ljósin höfð uppi á aftursigli skal það lægsta þeirra að minnsta kosti vera 4,5 metrum hærra en fremra sigluljósið.

f) 1. Sigluljósinu eða ljósunum, sem kveðið er á um í a-lið 23. reglu, skal ætíð komið fyrir ofan við og laust við önnur ljós og hindranir, nema svo standi á eins og lýst er í 2. grein þessa liðar.

2. Sé óframkvæmanlegt að hafa hringljósin, sem fyrirskipuð eru í 1. grein b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, undir sigluljósunum, má koma þeim fyrir ofan við aftara sigluljósið eða milli fremra og aftara sigluljóssins svo fremi að framfylgt verði ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.

g) Á vélskipi má ekki setja hliðarljós hærra yfir bol skipsins en sem nemur $\frac{3}{4}$ af hæð fremra sigluljóssins. Hliðarljósin mega ekki vera svo lág að þeim verði ruglað saman við þilfarsljós.

h) Ef hliðarljósin eru í samsettu ljóskeri á skipi sem er styttra en 20 metrar, þá skulu hliðarljósin vera að minnsta kosti einn metra neðan við sigluljósið.

i) Þegar mælt er fyrir í reglunum að hafa uppi tvö eða þrjú ljós lóðrétt hvert upp af öðru skal fjarlægð milli ljósanna vera sem hér segir:

1. Á skipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skulu að minnsta kosti vera 2 metrar á milli ljósanna. Neðra eða neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í 4 metra hæð upp frá bol skipsins.

2. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, skal að minnsta kosti vera einn metri milli ljósanna. Neðra eða neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í tveggja metra hæð upp frá bol skipsins.

3. Þegar þrjú ljós eru höfð uppi skal vera jafnt bil á milli þeirra.

j) Á skipi að fiskveiðum skal lægra hringljósið, er þau skip skulu hafa uppi, vera svo hátt ofan við hliðarljósin að nemi að minnsta kosti tvöfaldri fjarlægð milli hringljósanna.

k) Þegar höfð eru uppi tvö akkerisljós, skal fremra ljósið, sem krafist er samkvæmt ákvæðum 1. greinar a-liðar 30. reglu, vera að minnsta kosti 4,5 metrum ofar en aftara ljósið. Á skipi, sem er 50 metrar á lengd eða lengra, skal fremra akkerisljósinu komið fyrir að minnsta kosti í 6 metra hæð upp frá bol skipsins.

7. tölul. I. viðauka hljóðar svo:

Skilgreining lita á ljósum.

Litur allra siglingaljósa skal vera í samræmi við eftirfarandi staðla, sem eru innan marka, er tilgreind eru um hvern lit í litatöflu, sem Alþjóðaljósanefndin (CIE) hefur gert.

Mörkin fyrir hvern lit eru gefin með hornhnitum, sem eru þessi:

1. Hvítt

| | | | | | | |
|---|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| x | 0.525 | 0.525 | 0.452 | 0.310 | 0.310 | 0.443 |
| y | 0.382 | 0.440 | 0.440 | 0.348 | 0.283 | 0.382 |

2. Grænt

| | | | | |
|---|-------|-------|-------|-------|
| x | 0.028 | 0.009 | 0.300 | 0.203 |
| y | 0.385 | 0.723 | 0.511 | 0.356 |

3. Rautt

| | | | | |
|---|-------|-------|-------|-------|
| x | 0.680 | 0.660 | 0.735 | 0.721 |
| y | 0.320 | 0.320 | 0.265 | 0.259 |

4. Gult

| | | | | |
|---|-------|-------|-------|-------|
| x | 0.612 | 0.618 | 0.575 | 0.575 |
| y | 0.382 | 0.382 | 0.425 | 0.406 |